

**Nd.**

**442. Frumvarp til laga**

[180. mál]

um sölu varphólma og selláttra fyrir Ljótunnarstaðalandi í Bæjarhreppi í Strandasýslu til eigenda Ljótunnarstaða.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja varphólma og sellátur, sem liggja fyrir Ljótunnarstaðalandi í Bæjarhreppi í Strandasýslu, til eigenda Ljótunnarstaða.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.


**Greinargerð.**

Jörðin Ljótunnarstaðir í Bæjarhreppi í Strandasýslu var prestssetur, en snemma á 18. öld mun prestssetrið hafa verið flutt að Prestbakka. Síðan voru Ljótunnarstaðir kirkjujörð, sem prestarnir að Prestbakka sáu um útleigu á.

Fyrir Ljótunnarstaðalandi eru varphólmar og sellátur, sem heita Ljótunnarstaðahólmar, sbr. herforingjaráðskortin. Hólmar þessir og sellátur hafa frá fornu fari fylgt Ljótunnarstöðum, svo sem nafnið bendir til, enda liggja þeir undan Ljótunnarstaðalandi. Landfræðileg afstaða þeirra sést greinilega á loftmynd sem fylgir.

Skúli Guðjónsson á Ljótunnarstöðum lýsir legu þeirra þannig:

„Um afstöðuna til hólmana, þá hina landfræðilegu, vil ég segja þetta: Landamerki milli Prestbakka og Ljótunnarstaða eru við Bakkaá, en hún fellur fast við Prestbakkabæinn. Um hálfum öðrum kílómetra sunnar eru Ljótunnarstaðir. Standa bæirnir báðir nálægt sjó, og liggja tún beggja fram á sjávarbakka. Austur af Ljótunnarstöðum, en aðeins norðar þó, liggja umræddir hólmar. Sá, sem næstur er, nefnist Landhólmi. Er hann um 200 metra frá landi um flóð, en er tengdur við land með sandrifi, sem þornar um stórstraumsfjöru þannig, að ganga má þurrum fótum fram í hólmann. Um 40 metra austur af Landhólma er annar hólmi, minni. Nefnist sá Miðhólmi. Er sá einnig tengdur Landhólma með rifi, sem þornar um stórstraumsfjöru. Um 100 metra austur af Miðhólma er sker eða litill hólmi, er



nefnist Austasta sker. Um 200 metra norður af Landhólma er sker, er fer að mestu í kaf um flóð. Nefnist það Litlasker. Við það eru sellátrin aðallega og einnig í sundinu milli hólmanna.“

Í leigumála um Ljótunnarstaði, sem gerður var um miðja 19. öld, voru hólmarnir og sellátrin undan skilin og presturinn á Prestbakka tók þá til sinna nota. 1910 voru Ljótunnarstaðir seldir, samkvæmt fyrirmælum laga nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um kirkjujarðir, til þáverandi leiguliða, Guðjóns Guðmundssonar. Hólmarnir og sellátrin fylgdu ekki í kaupunum.

Núverandi eigendur Ljótunnarstaða, Skúli Guðjónsson, sonur áður nefnds Guðjóns Guðmundssonar, og Björgvin, sonur Skúla, óska, að greind hlunnindi falli aftur til Ljótunnarstaða. En það hefur ekki fengizt í gegn með samningum.

Með tilliti til þeirrar stefnu, sem fram kemur í lögum nr. 113 frá 21. des. 1952, um lausn ítaka af jörðum, virðist eðlilegt að verða við þessari ósk eigenda Ljótunnarstaða.